

Helstu niðurstöður aðalfundar Sjóvá-Almennra trygginga hf. 2024

Aðalfundur Sjóvár var haldinn 7. mars á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.

- Ársreikningur vegna ársins 2023 var samþykktur.
- Fundurinn samþykkti tillögu stjórnar um arðgreiðslu sem nemur kr. 2,12 á hlut fyrir rekstrarárið 2023 eða um 2.450 m.kr. Arðsákvörðunardagur er 7. mars 2024 og þar af leiðir að skráðir hluthafar í lok dags 11. mars 2024, sem telst arðsréttindadagur, eiga rétt á arðgreiðslu. Fyrsti viðskiptadagur eftir arðsákvörðunardag er 8. mars 2024 og er hann arðleysisdagur. Útborgunardagur arðs er 24. mars 2024.
- Tillaga um breytta starfskjarastefnu var samþykkt og stjórn félagsins heimilt að útfæra og samþykkja kaupréttaráætlun til 3 ára.
- Tillögur stjórnar um lækkun hlutafjár vegna kaupa á eigin bréfum og samsvarandi breyting á samþykktum félagsins voru samþykktar.
- Í stjórn félagsins voru kjörin:
Björgólfur Jóhannsson
Guðmundur Örn Gunnarsson
Hildur Árnadóttir
Ingi Jóhann Guðmundsson
Ingunn Agnes Kro

Stjórn hefur skipt með sér verkum. Formaður stjórnar er Björgólfur Jóhannsson og Hildur Árnadóttir varaformaður.

Eftirtalin voru kjörin sem varamenn í stjórn:

Erna Gísladóttir
Garðar Gíslason

- Tillaga um að KPMG yrði kosið endurskoðunarfélag félagsins til eins árs var samþykkt.
- Tilnefning Önnu Birgittu Geirfinnsdóttur og Friðriks Halldórssonar í endurskoðunarnefnd var samþykkt.
- Eftirtalin voru kjörin í tilnefningarnefnd félagsins til næstu tveggja ára:
Finnur R. Stefánsson
Katrín S. Óladóttir
Sigríður Olgeirsdóttir
- Breytingartillaga sem borin var upp á aðalfundi um þóknun stjórnar félagsins og tilnefningarnefndar var samþykkt. Laun stjórnarmanna verða 451.000 kr. á mánuði og laun stjórnarformanns 886.000. Hvorum varamanni skal greidd eingreiðsla 451.000 kr. í upphafi starfsárs og að auki 156.000 kr. fyrir hvern fund sem hann situr. Þóknun nefndarmanna í tilnefningarnefnd verður 35.000 kr. á mánuði og 46.000 fyrir hvern fund og fær formaður 50% álag.
- Tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum með framkvæmd endurkaupaáætlunar var samþykkt.

Nánari upplýsingar veitir Davíð Scheving Thorsteinsson í síma 869-8109 eða fjarfestar@sjova.is.